

55
6. maí

REGLUGJÖRÐ

um

grenjaleitir og refaeyðing í Skagafjarðarsýslu.

I. KAFLI.

Um eyðing refa.

1. gr.

Sjerhver hreppsnefnd skal annast um grenjaleitir og grenjavinslu í heima- og afrjettarlöndum hrepps síns, og í tæka tíð á hverju ári útnefna svo margna kunnuga og áreiðanlega menn, sem þörf er á, til þess að grenjaleit geti orðið sem víðast sama dag. Hver innanhreppsmaður er skyldur til þess að starfa, ef forföll ekki banna, gegn sanngjarnri borgun.

2. gr.

Hreppsnefndin skal semja skrá yfir öll gren, sem eru í landeign hreppsins, hvar þau sjeu og hvernig á sig komin. Á skrá þessa skal bæta þeim grenjum, er síðar kynni að finnast, eða eru óþekt, þá er skráin fyrst var samin. Hver, sem til grenjaleitar er sendur, skal hafa seðil frá hreppsnefndinni um, á hvaða grenjum hann skal leita í hvert skifti. Fyrsta grenjaleit skal fara fram svo snemma, sem líkindi eru til, að refir sjeu lagstir á gren og síðan svo oft, sem þurfa þykir, eftir áliti kunnugra manna og kringumstæðum, en þó aldrei sjaldnar en tvisvar sinnum. Jafnan skulu 2 menn vera saman í grenjaleit, og ef unt er skotmaður með þeim, að öllu útbúinn til grenjavinslu.

Finnist refur á greni, má ekki yfirgefa það fyr en skotmaður er kominn á það. Í afrjettar- og heimalöndum, sem saman liggja (þótt ekki sje í sama hreppi)skulu grenjaleitir í hvert skifti fara fram hinn sama dag.

3. gr.

Hreppsnefnd skal í tæka tíð ár hvert hafa ráðið áreiðanlega skotmenn til grenjavinslu í landeign hreppsins, og má enginn skotmaður innanhrepps skorast undan því verki án gildra orsaka. Einnig ræður hreppsnefndin vökumann, sem er vaxinn þeim starfa, og skotmaður tekur gildan. Enginn má hafa með sjer hund á gren, eða gjöra nokkuð það, er fælt geti refi frá þeim, eða á annan hátt spilt fyrir grenjavinslu.

4. gr.

Hreppsnefndin skal tilkynna hreppsþúum, áður en grenjaleitir byrja,

hverjir skotmenn sjeu ráðnir, og skal landráðandi, þegar gren finst og skotmaður ekki er í leitinni, senda tafarlaust eftir honum, sem skyldur sje að hafa útbúnað allan og skotfæri í gildu standi. Ef út af er brugðið, án þess gild forföll sjeu sönnuð, varðar það sektum. 55
6. maí

5. gr.

Ekki má skotmaður yfirgefa gren, eða fara heim af því, ef dýrin eru ekki bæði unnin, fyr en 4 sólarhringar eru liðnir frá því hann kom á það, nema sjerstakar orsakir sjeu til þess. Vanræki skotmaður eða vökumaður vísvitandi, að einhverju leyti, að vinna gren, og það verður vitnum fest, missa þeir kaup fyrir að hafa legið á greninu, og geta þess utan sætt sektum eftir málavöxtum.

6. grein.

Frjálst er hreppsnefndum, hvort þær láta eitru fyrir refi eða með hverri eiturtegund þær láta eitru, ef þær gjöra þetta.

7. gr.

Nú finst gren af ferðamönnum eða utansveitarmönnum, og skulu þeir þá tilkynna það þeim, sem landið tilheyrir, er grenið er í, og fer að öllu leyti með það gren eins og segir í 1. og 4. grein.

8. gr.

Hver sem vinnur fullorðið dýr á öðrum tímum en almennar grenja-leitir og grenjavinsla fer fram, skal fá fyrir það borgun úr sýslusjóði, 30 krónur fyrir dýrið, ef hann skilar skottinu. Hver sem slíka þóknun vill fá, skal skyldur að sanna fyrir sýslunefndinni að hann hafi unnið til hennar. Kostnað allan ber hann sjálfur. Komi dýrbítir fyrir í sveitinni, skal hreppsnefndin sjá um, að þau dýr vinnist, sem því valda, svo fljótt sem unt er.

9. gr.

Kostnað við eyðing refa í heimalöndum, á almenningum og afrjettum þeim, er sveitarfjelög eiga, skal greiða úr sveitarsjóði eða sveitarsjóðum, ef fleiri hreppar eiga afrjett saman.

10. gr.

Borgun til skotmanns, vökumanns og annar kostnaður, sem greiðast á úr sveitarsjóði, samkvæmt reglugjörðinni, fer eftir því, sem umsemst milli hreppsnefndar og hlutaðeigandi manna.

11. gr.

Hreppsnefndin skal hvetja unga menn, er með byssu fara, að temja

- 55 sjer skotfimi, einkum þá, er líklegir eru til að verða dýraskyttur, og stuðla
6. maí til þess, að þeir sjeu vökumenn með skotmönnum á grenjum.

12. gr.

Skylt skal hverri hreppsnefnd fyrir desemberlok ár hvert, að gefa sýslunefndinni skýrslu um grenjavinslu og eyðing refa á annan hátt, um eitrun fyrir refi og árangur af henni. Ennfremur sendi þær reikning yfir kostnað þannu, er til refaeyðingar hefir gengið úr sveitarsjóði.

II. KAFLI.

Um refaeldi.

13. gr.

Hver sá, er óskar að ala upp yrðlinga, til þess að gjöra skinn þeirra að verslunarvöru, verður að fá leyfi til þess hjá sýslumanni á hverju ári, ekki síðar en á manntalsþingum.

Fyrstu leyfisbeiðni skal fylgja úttektargjörð sú, er getur um í 15. gr.

14. gr.

Yrðlingaeldi skal bannað nema í eyjum, er liggja nægilega langt frá landi, og í húsum með steinlímum eða járnvörðum veggjum innan, steinlögðu gólfi og öruggum umbúnaði um dyr og glugga.

Skal hlutaðeigandi hreppstjóri með lögskipuðum úttektarmanni taka hús þessi út og meta, hvort full tryggilega sje frá þeim gengið.

Sje þeim í nokkru áfátt að þeirra dómi, og bæti eigandi það eigi þegar, skal hreppstjóri tafarlaust kæra það fyrir sýslumanni. Úttektir þessar borgar refaeldismaður, eins og venja er til um aðrar úttektir.

15. gr.

Þeir, sem ala upp refi í eyjum, skulu jafnt sem aðrir skyldir að hafa hús útbúin samkvæmt 15. gr. til að ala í yrðlinga sína, þar til þeir eru fluttir í eyjarnar.

16. gr.

Hreppstjóri hefir eftirlit með refaeldi í sínum hreppi. Skal hann á hverju sumri, hið fyrsta eftir að refir eru komnir í eldi, fara til og telja hvolpana hjá hverjum refaeldismanni, og líta um leið eftir, að refaeldishúsum sje vel viðhaldið.

Þegar refadrápi er lokið, skal hreppstjóri gera aðra skoðun. Leggur refaeldismaður þá fram refabelgina til talningar. Vanti nokkuð á töluna, frá því um vorið, tilkynnir hreppstjóri það þegar sýslumanni, og skal refaeldismaður þá útlægur um sekt fyrir hvern hvolp, sem á vantar, eins og hann hefði

sloppið, nema honum kæmi full sönnun þess, að svo hefði ekki verið. Undanþegnir þessu sektarákvæði eru þó þeir, sem refi ala í eyjum, ef þeir færa fulla sönnun fyrir því, að enginn yrðlingur hafi sloppið — af þeim, er þeir tóku til eldis — áður en þeir voru fluttir í eyjar.

55
6. maí

Nú kemur haffís eða lagís leggur milli lands og eyja, áður en refadrápi var lokið, og er þá sama sönnunarskylda og sektarákvæði á þeim mönnum, sem í eyjum ala, eins og refaeldismönnum á landi.

Eftirlitsferðir hreppstjóra borgar refaeldismaður eftir reikningi, úrskurðuðum af sýslumanni, ef ágreiningur verður um greiðsluna.

17. gr.

Nú sleppur refur úr eldi og varðar það refaeldismann 100 kr. sekt fyrir hvert dýr sem sleppur. Sektarákvæði þetta nær einnig til umboðsmanna refaeldismanna, er missa dýr úr geymslu.

18. gr.

Hafi hreppstjóri refaeldi með höndum, eða sje nákominn refaeldismanni í sínum hreppi, skipar sýslumaður annan mann í hans stað, til að hafa á hendi eftirlit með refaeldi í hreppnum.

19. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10—500 kr., nema þar sem öðruvísi er ákveðið hjer að framan. Renna sektirnar fyrir brot gegn ákvæðum þeim sem sett eru í I. kafla reglugjörðarinnar í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið, en sektir fyrir brot gegn ákvæðum II. kafla í sýslusjóð.

20. gr.

Með mál út af brotum á reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Með reglugjörð þessari, er öðlast gildi 1. júní 1925, er úr gildi numin reglugjörð um grenjaleitir og refaeyðing í Skagafjarðarsýslu frá 13. apríl 1921 og reglugjörðir um breyting á þeirri reglugjörð frá 7. apríl 1923 og 30. júlí 1924.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna 10. nóv. 1905 og lögum nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júní 1925.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. maí 1925.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.